

Klappir Grænar Lausnir hf.
Ársreikningur samstæðunnar
2017

Klappir Grænar Lausnir hf.
Austurstræti 17
101 Reykjavík

Kt. 630914-1080

Efnisyfirlit

	bfs.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Lykiltölur	7
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið var stofnað í september 2014 og er tilgangur félagsins kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur.

Ársreikningur Klappa Grænna Lausna hf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess.

Rekstarkjör samstæðunnar samkvæmt rekstrarreikningi námu 210,5 millj. kr. Tap varð á rekstri samstæðunnar árið 2017 að fjárhæð 48,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 362,0 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 259,4 millj. kr. og er eigið fé sem hlutfall af heildareignum var 71,7%.

Í upphafi árs fjárfesti félagið í 43,8% eignarhlut í ARK Technology ehf. En fyrir átti félagið 66,2% eignarhlut, voru félögin sameinuð í kjölfarið og miðast samruninn við 1. janúar 2017. Heildarkaupverð eignarhlutans nam 188,5 millj. kr.

Hlutfé félagsins í nam 116,5 millj.kr. í árslok 2017 en hlutfé félagsins var aukið um 16,0 millj. kr. að nafnverði á árinu og nam heildar innborgað nýtt hlutfé 133,1 millj. kr. Hlutfé félagsins skiptist í tvo flokka, A og B flokk, sjá nánar skýringu 17. Í lok ársins voru hluthafar félagsins 328 talsins og fjölgaði þeim um 294 frá ársbyrjun 2017. Ellefu stærstu hluthafarnir voru eftirfarandi í lok árs:

	A hlutir	B hlutir	Atkvæðaréttur
Kvistar eignarhaldsfélag ehf.	48.275.375	18.773.950	96,55%
E-ASK ehf.	0	9.000.000	0,00%
GEVA ehf.	0	9.000.000	0,00%
Tennin ehf.	0	4.000.000	0,00%
Pund ehf.	0	4.000.000	0,00%
Eyktarsalir ehf.	200.000	2.845.350	0,40%
Sindrandi ehf.	0	2.400.000	0,00%
Porrasalir ehf.	200.000	2.245.350	0,40%
GBV 17 ehf.	0	2.005.000	0,00%
Kjalvegur ehf.	0	2.000.000	0,00%
Stey ehf.	0	2.000.000	0,00%

Stjórnarhættir

Stjórn Klappa Grænna Lausna hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint sem og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í reglunum má einnig finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Hlutfall kynja í stjórn félagsins er fjórir karlar (57%) og þrjár konur (43%)

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2017 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2017.

Stjórn og framkvæmdastjóri Klappa Grænna Lausna hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2017 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 27. febrúar 2018.

Stjórn félagsins

Ágúst Indri M.
Linda Þórunn Ólafsdóttir
Dorrit Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri

Linda Þórunn Ólafsdóttir

Ágúst Indri M.
Linda Þórunn Ólafsdóttir
Hildur Jónsd.
Guðrún Jónsd.

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og hluthafar Klappa Grænna Lausna hf. 

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Klappa Grænna Lausna hf. („samstæðan“) fyrir árið 2017. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2017 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekkert að upplýsa hvað þetta varðar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggr framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðferðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 27. febrúar 2018.

KPMG ehf.



Lykiltölur

	2017	2016
Rekstrarreikningur		
Rekstartekjur	210.495.528	123.285.867
Hagnaður (tap) fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA)	(12.528.182)	(72.795.949)
Tap ársins	(48.177.523)	(63.472.915)
Tap í hlutfalli af rekstartekjum	(22,9%)	(51,9%)
Arðsemi eigin fjár	(22,0%)	(72,6%)
EBITDA - hlutfall	(6,0%)	(59,0%)
Arðsemi heildareigna	(15,3%)	(44,7%)
	31.12.2017	31.12.2016
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	362.041.038	268.717.202
Eigið fé hlutahafa móðurfélags	259.444.036	174.541.559
Skuldir samtals	102.597.002	86.202.556
Eigið fé og skuldir samtals	362.041.038	260.744.115
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtfímaskuldir	3,9	11,4
Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn	71,7%	65,0%
Innra virði hlutafjár - eigið fé / hlutafé	2,2	1,7

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Sala		155.708.553	70.119.814
Aðrar tekjur	11	54.786.975	53.166.053
		210.495.528	123.285.867
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	12	109.636.978	127.645.438
Annar rekstarkostnaður		113.386.732	68.436.378
		223.023.710	196.081.816
Hagnaður (tap) fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA)	(12.528.182)	(72.795.949)
Afskriftir	14, 15	(22.743.928)	(3.776.216)
Rekstrartap	(35.272.110)	(76.572.165)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		166.261	361.790
Vaxtagjöld	(12.663.428)	(6.624.679)
Gengismunur		94.975	0
		(12.402.192)	(6.262.889)
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga		0	18.858.918
Tap fyrir tekjuskatt	(47.674.302)	(63.976.136)
Tekjuskattur	13	(503.221)	503.221
Tap ársins		(48.177.523)	(63.472.915)
Tap skiptist þannig:			
Hluthafar móðurfélags	(48.177.523)	(37.297.618)
Minnihluti í dótturfélagi		0	(26.175.297)
Tap ársins	20	(48.177.523)	(63.472.915)

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Eignir			
Óefnislegar eignir	14	208.764.720	21.006.112
Rekstarfjármunir	15	3.012.173	0
Eignarhlutur í öðrum félögum	16	5.070.237	5.070.237
Skatteign	17	0	503.221
Fastafjármunir		<u>216.847.130</u>	<u>26.579.570</u>
Vörubirgðir		0	1.334.778
Viðskiptakröfur		31.885.234	14.967.827
Krafa á tengda aðila	22	0	606.652
Aðrar skammtímakröfur	18	43.209.922	145.131.431
Handbært fé		70.098.752	80.096.944
Veltufjármunir		<u>145.193.908</u>	<u>242.137.632</u>
Eignir samtals		<u>362.041.038</u>	<u>268.717.202</u>
Eigið fé			
Hlutafé	19	116.500.000	100.500.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		228.567.473	111.487.473
Bundið eigið fé		29.624.266	0
Ójafnað eigið fé	20	(115.247.703)	(37.445.914)
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins		<u>259.444.036</u>	<u>174.541.559</u>
Hlutdeild minnihluta	16	0	7.973.087
Eigið fé samtals		<u>259.444.036</u>	<u>182.514.646</u>
Langtímaskuldir			
Langtímalán	21	15.000.000	15.000.000
Langtímalán við tengda aðila	22	50.000.000	50.000.000
Langtímaskuldir		<u>65.000.000</u>	<u>65.000.000</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		9.422.443	6.104.045
Skuldir við tengda aðila	22	1.373.116	299.341
Aðrar skammtímaskuldir		26.801.443	14.799.170
Skammtímaskuldir		<u>37.597.002</u>	<u>21.202.556</u>
Skuldir samtals		<u>102.597.002</u>	<u>86.202.556</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>362.041.038</u>	<u>268.717.202</u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Tap ársins	20	(48.177.523)	(63.472.915)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	14,15	22.743.928	3.776.216
Hlutdeild í rekstri dótturfélaga		0	(18.858.918)
Tekjuskattur	13	503.221	(503.221)
Veltufé til rekstrar		(24.930.374)	(79.058.838)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Vörubirgðir, lækkun (hækkun)		1.334.778	(160.357)
Skammtímakröfur, hækkun, (lækkun)		85.004.102	(23.759.225)
Skammtímaskuldir, hækkun		15.320.671	15.855.053
Breytingar rekstart. eigna og skulda		101.659.551	(8.064.529)
Handbært fé frá (til) rekstrar		76.729.177	(87.123.367)
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfestingar í óefnislegum eignum	14	(29.623.676)	(15.800.000)
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	15	(3.346.859)	0
Fjárfest í eignarhlutum í dótturfélögum	14	(188.517.261)	(4.969.124)
Fjárfestingarhreyfingar		(221.487.796)	(20.769.124)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutfé	20	133.080.000	98.987.473
Tekin ný langtímalán		0	15.000.000
Tengdir aðilar breyting		1.680.427	45.171.683
Fjármögnunarhreyfingar		134.760.427	159.159.156
(Lækkun), hækkun á handbæru fé á árinu		(9.998.192)	51.266.665
Handbært fé í ársbyrjun		80.096.944	28.830.279
Handbært fé í árslok		70.098.752	80.096.944
Fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingar sem hreyfa ekki handbært fé			
Hlutfjárlausning		0	112.500.000
Tengdir aðilar, breyting		0	(112.500.000)

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Klappir Grænar Lausnir hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, svo og upplýsingar í skýringum. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

2. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Leigutekjur af fastafjármunum eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Afslættir sem eru veittir eru færðir með sama hætti. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem þjónustan er veitt. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Tekjur af verkum í vinnslu eru færðar miðað við verkstöðu þeirra í árslok. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Viðskiptavild sem myndast annars vegar við kaup á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélagum svarar til mismunar á upphaflegu kaupverði eignarhlutans og hlutdeild í hreinni eign félags á kaupdegi hins vegar og með kaupum á rekstri. Hrein eign innifelur bókfært eigið fé félags, ef við á endurmat bókfærðra eigna og skulda og virði eigna og skulda sem ekki eru bókfærðar í reikningsskilum félagsins. Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Viðskiptavild er færð niður á 10 árum. Aðrar óefnislegar eignir félagsins eru hugbúnaður sem er færður niður á 5 árum.

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna. Rekstrarfjármunir eru færðir niður á 5 árum.

6. Eignarhlutir í öðrum félögum

Fárfestingar samstæðunnar í hlutabréfum eru bókfærðar á markaðsverði þar sem það liggur fyrir annars kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði.

7. Vörubirgðir

Birgðir samstæðunnar samanstanda af vörum til endursölu. Birgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

8. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar niður um til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

9. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

10. Skatteign

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en reikningsskilunum.

Reiknuð skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjorsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

11. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig	2017	2016
Skattaávilnun Rannís	37.876.442	30.508.646
Móttæknir styrkir	16.910.533	22.657.407
	<u>54.786.975</u>	<u>53.166.053</u>

12. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	116.675.055	98.124.769
Áfallið orlof breyting	0	9.431.789
Launatengd gjöld	22.586.189	20.088.880
Eignfærð laun	(29.624.266)	0
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>109.636.978</u>	<u>127.645.438</u>
Meðalfjöldi ársverka	12	11

Laun til framkvæmdastjóra nam 12,5 millj. kr. engin laun voru greidd fyrir stjórnarsetu á árinu 2017.

13. Tekjuskattur

Tekjufærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Virkt skatthlutfall	2017	2016
Tap fyrir tekjuskatt	(47.674.302)	(63.976.136)
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	(20,0%) 9.534.860	(20,0%) 12.795.227
Óskattskyldar tekjur	15,9% (7.575.288)	9,5% (6.101.729)
Ófrádráttarbær kostnaður	(0,0%) 3.280	11,9% (7.601.672)
Niðurfæsla skatteignar	5,2% (2.466.073)	(2,2%) 1.411.395
Virkur tekjuskattur	<u>1,1% (503.221)</u>	<u>(0,8%) 503.221</u>

Skýringar, frh.:

14. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2017	6.768.828	18.130.000	24.898.828
Yfirtekið við samruna	180.544.174	0	180.544.174
Eignfært á árinu	0	29.623.676	29.623.676
Heildarverð 31.12.2017	187.313.002	47.753.676	235.066.678
Niðurfært 1.1.2017	676.883	3.215.833	3.892.716
Niðurfært á árinu	18.731.300	3.677.942	22.409.242
Niðurfært 31.12.2017	19.408.183	6.893.775	26.301.958
Bókfært verð 1.1.2017	7.445.711	14.914.167	21.006.112
Bókfært verð 31.12.2017	167.904.819	40.859.901	208.764.720
Niðurfærsluhlutfall	10,0%	20,0%	

Í upphafi árs fjárfesti félagið í 43,8% eignarhlut í ARK Technology ehf. En fyrir átti félagið 66,2% eignarhlut, voru félögin sameinuð í kjölfarið og miðast samruninn við 1. janúar 2017. Heildarkaupverð eignarhlutans nam 188,5 millj. kr. Við samrunan myndaðist viðskiptavild að fjárhæð 180,5 millj.kr. sem svarar til mismunar á upphaflegu kaupverði eignarhlutans og hlutdeild í hreinni eign félags á kaupdegi. Hrein eign innifelur bókfært eigið fé félags, ef við á endurmat bókfærðra eigna og skulda og virði eigna og skulda sem ekki eru bókfærðar í reikningsskilum félagsins.

Á árinu gerði móðurfélagið samning um kaup á meginhluta af rekstri, aðstöðu og tækjabúnað dótturfélagsins síns DataDrive ehf. nam kaupverðið 20 millj. kr.

Síðustu árin hefur samstæðan unnið að þróun á hugbúnaðar og hefur stærsti hluti kostnaður vegna þróunarverkefna sem samanstandur af launakostnaði og öðrum rekstarkostnaði hefur verið gjaldfærður í rekstarreikningi. til samræmis hafa styrkir verið tekjufærðir á meðal annarra tekna í rekstarreikning. Á árinu nemur eignfærður þróunarkostnaður hugbúnaðar 29,6 millj. kr.

15. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Tölvubúnaður
Keypt á árinu	3.346.859
Heildarverð 31.12.2017	3.346.859
Afskrifað á árinu	334.686
Niðurfært 31.12.2017	334.686
Bókfært verð 31.12.2017	3.012.173
Afskriftarhlutfall	20,0%

16. Eignarhlutur í öðrum félögum

Eignarhlutur í dótturfélögum greinast þannig:	Bókfært verð
Ark Technology Ltd., Bretland	5.070.237
	5.070.237

Í árslok á félagið 100% eignarhlut í breska félaginu Ark Technology Ltd. Eignarhluturinn er færður á upprunalegu kaupverði 5,1 millj.kr. ekki hefur verið færð hlutdeild í rekstri dótturfélagsins þar sem rekstur félagsins hefur verið óverulegur.

Skýringar, frh.:

17. Skatteign

Skatteign félagsins samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Skatteign 1.1.	503.221	503.221
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	(503.221)	0
Skatteign 31.12.2017	<u>0</u>	<u>503.221</u>

Skatteign skiptist þannig:

Óefnislegar eignir	3.290.883	(76.617)
Rekstrarfjármunir	(80.000)	0
Yfirfæranlegt skattalegt tap	<u>59.769.644</u>	<u>55.290.978</u>
Skatteign samtals	<u>62.980.527</u>	<u>55.214.361</u>
Niðurfærsla vegna óvissu um nýtingu á yfirfæranlegu tapi	(62.980.527)	(54.711.140)
Skatteign samtals skv. efnahagsreikningi	<u>0</u>	<u>503.221</u>

Í lok árs 2017 nam yfirfæranlegt tap samstæðunnar 298,8 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt á móti skattskyldum tekjum í tíu ár frá því að það fellur til. Skattalegt tap félagsins greinst þannig í árslok 2017:

	Samstæða
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2011, nýtanlegt til ársins 2021	1.579.359
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2012, nýtanlegt til ársins 2022	2.779.813
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2013, nýtanlegt til ársins 2023	4.181.352
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2014, nýtanlegt til ársins 2024	46.083.582
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2015, nýtanlegt til ársins 2025	67.457.462
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2016, nýtanlegt til ársins 2026	113.667.512
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársins 2027	63.099.142
Samtals	<u>298.848.222</u>

18. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Skattviltun Rannís	37.619.238	30.498.563
Ógreitt hlutfé	0	112.500.000
Aðrar skammtímakröfur	<u>5.590.684</u>	<u>2.132.868</u>
Aðrar skammtímakröfur samtals	<u>43.209.922</u>	<u>145.131.431</u>

Áætluð endurgreiðsla að fjárhæð 37,6 millj. kr. er vegna skattviltunar Rannís sem tilheyrir árinu 2017 og er áætlað að verði greidd í október 2018

19. Eigið fé

Hlutfé félagsins í árslok er 116,5 millj. kr. að nafnverði. Á árinu var hlutfé aukið að fjárhæð 16,0 millj. kr. að nafnverði. Heildarfjárhæð nýs eigin fjár nam á árinu 133,1 millj. kr.

Í árslok skiptast hlutir félagsins í A og B hluti. Í A hlutflokki eru útgefnir 50,0 millj. hlutir, hver hlutur í A flokki er að fjárhæð ein króna að nafnverði og eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutfjár. Í B hlutflokki eru útgefnir 66,5 millj. hlutir, hlutir í B flokki hafa ekki atkvæðisrétt en að öðru leyti eru hafa flokkarnir sömu réttindi.

Skýringar, frh.:

20. Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Bundið eigið fé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2017	100.500.000	111.487.473	0	(37.445.914)	174.541.559
Nýtt hlutafé	16.000.000	117.080.000			133.080.000
Þróunarkostnaður			29.624.266	(29.624.266)	
Tap ársins				(48.177.523)	(48.177.523)
Eigið fé 31.12.2017	<u>116.500.000</u>	<u>228.567.473</u>	<u>29.624.266</u>	<u>(115.247.703)</u>	<u>259.444.036</u>

Á hluthafafundi félagsins þann 22. nóvember 2016, var samþykkt heimild til stjórnar um að hækka hlutafé félagsins vegna útgáfu kaupréttar til starfsmanna félagsins. Samkvæmt samþykktinni var hækkingin að fjárhæð allt að 240.000 kr. og í B-flokki hlutabréfa. Með útgáfu jöfnunarhlutabréfa hækkaði þessi heimild í 6.000.000 kr. Á stjórnarfundum þann 23. nóvember 2016, var kaupréttaráætlun fyrir félagið samþykkt af stjórn félagsins.

Þann 2. desember 2016 var ríkisskattstjóra sent erindi með beiðni um staðfestingu á kaupréttaráætlun félagsins, í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 7. apríl 2017 var kaupréttaráætlun félagsins staðfest.

Félagið hefur í lok ársins gefið út kaupréttarsamninga til starfsmanna að nafnverði 3.640.000 kr. Samkvæmt samningum þá ávinnst kauprétturinn í jöfnum hlutföllum á 4 árum. Samningur fellur úr gildi átta árum frá útgáfudegi. Um kaupréttaráætlun og kaupréttarsamninga félagsins gilda almennar reglur um slíka samninga sem fást viðurkenndir af Ríkisskattstjóra, meðal annars að samningar bjóðast öllum starfsmönnum og hámark innlausnar er 600.000 kr. á ári.

Samkvæmt lögum nr. 73/2016 um ársreikninga ber félögum að færa þá fjárhæð sem nemur eignfærðum þróunarkostnaði á bundinn reikning á meðal eigin fjár.

21. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	2017	2016
Óverðtryggt lán í íslenskum krónum, vextir 7,4%	15.000.000	15.000.000
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	15.000.000	15.000.000
Næsta árs afborganir	0	0
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	<u>15.000.000</u>	<u>15.000.000</u>

Langtímalán félagsins mun allt koma til greiðslu með einni afborgun á árinu 2022.

Skýringar, frh.:

22. Tengdir aðilar

Stjórnarmenn, hluthafar, dótturfélög, félög í meirihlutaeigu hluthafa og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins. Langtímaskuldir og skammtímakröfur móðurfélagins við tengda aðila sundurliðast þannig í lok ársins:

	Kröfur	Skuldir
Klappir ehf. (tengdur aðili eins hluthafa)	0	50.000.000
Aðrir tengdir aðilar	0	1.373.116
	0	1.373.116

Langtímalán félagins við tengda mun allt koma til greiðslu með einni afborgun á árinu 2019.

Á meðal vaxtagjalda eru gjaldfærðar 10,6 millj. kr. til tengdra aðila sömuleiðis námu gjaldfærðar aðrar þóknar til tengdra aðila 6,5 millj. kr.

23. Önnur mál

Á árunum 2016 -2017 vann samstæðan að rannsókn og þróun á hugbúnaði. Stærsti hluti verkefnisins, sem samanstendur að mestu leyti af launakostnaði, hefur verið gjaldfærður í rekstrareikningi. Samstæðan fékk á árinu 2017 staðfestingu frá Rannís þess efnis að rannsóknar og þróunarverkefnið hafi verið samþykkt á grundvelli laga nr. 152/2009. Með staðfestingunni öðlaðist félagið rétt á sérstakri endurgreiðslu byggt á beinum kostnaði við verkefnið. Samstæðan mun sækja um endurgreiðsluna í tengslum við skattskil félagins vegna ársins 2017. Áætluð endurgreiðsla kostnaðar vegna verkefnanna á árinu 2017 nemur 37,9 millj. kr. og hefur verið tekjufærð meðal annarra tekna í rekstrareikning. Sömu fjárhæðir er færðar til eignar meðal annarra skammtímakrafna í efnahagsreikningi 31. desember 2017.